



FÉLAG UMHVERFISFRÆÐINGA  
Á ÍSLANDI



SKÝRSLA STJÓRNAR  
FÉLAGS UMHVERFISFRÆÐINGA Á ÍSLANDI  
2020-2021

OKTÓBER 2021



## **Inngangur**

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi hefur starfað í fjórtan ár. Starfsemi félagsins snýst um að stuðla að tengslamyndun félagsmanna og styðja við fræðslu og umræðu um umhverfismál í samfélaginu. Þessu hefur félagið unnið að með því að standa fyrir margvíslegum viðburðum og miðla upplýsingum á vefmiðlum félagsins.

## **Stjórn félagsins**

Aðalfundur félagsins 2020 var haldinn í fjarfundi á Zoom þann 4. nóvember 2021. Í stjórn voru endurkosin Birgitta Stefánsdóttir, Ingunn Gunnarsdóttir og Steinar Kaldal. Í stjórn frá síðustu kosningum voru Ragnhildur Freysteinsdóttir og Tinna Eiríksdóttir. Í varastjórn var kosin Nína M. Saviolidi.

Stjórn skipti með sér verkum eftir aðalfund og er Steinar Kaldal formaður, Birgitta Stefánsdóttir gjaldkeri, Ragnhildur Freysteinsdóttir ritari og Ingunn Gunnarsdóttir og Tinna Eiríksdóttir meðstjórnendur.

Stjórn félagsins hélt einn stjórnarfund á starfsárinu, þann 28. janúar, en voru annars í tölverðum samskiptum á fésbókarsíðu stjórnar.

## **Fjármál félagsins**

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi stendur vel fjárhagslega, enda var starfsárið útgjaldalítið, þar sem takmarkað var af viðburðum. Félagsgjöld eru óbreytt frá fyrra fjárhagsári, kr. 3.000 og hefur innheimta þeirra gengið nokkuð vel. Sjá nánar í ársreikningi félagsins.

Endurskoðendur reikninga fjárhagsárs 2020-2021 voru Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Ragnhildur Helga Jónsdóttir.

## **Starfsemi félagsins á starfsárinu**

Starfsemi félagsins var með rólegra móti á starfsárinu, enda hafði staða mála í samfélaginu vegna Covid-19 veruleg áhrif á hvað hægt var að gera. Boðað var til tveggja útiviðburða:

- 24. febrúar: FUMÍ fer í skógargöngu. Gengið var um Höfðaskóg við Hvaleyrarvatn.
- 24. maí: FUMÍ fer í fjallgöngu. Gengið var á Helgafell í Hafnarfirði.

Einnig bauð félagið þeim félagsmönnum sem mættu á Green Drinks/Grænir drykkir viðburð þann 3. júní upp á fyrsta drykkinn.

## **Nefndir**

Ein nefnd starfar nú innan félagsins – Námsmatsnefnd. Verkefni nefndarinnar er að yfirfara umsóknir um félagsaðild samkvæmt samþykktum verklagsreglum og var þeim umsóknum um aðild sem bárust félaginu vísað til námsnefndar.

## **Samfélagsmiðlar**

Félagið hefur vefsíðu, [www.fumi.is](http://www.fumi.is), sem inniheldur almennar upplýsingar um félagið og starf þess. Upplýsingum um viðburði er miðlað til félagsmanna í gegnum tölvupóst félagsins og fésbókarsíðu þess. Einnig hefur verið miðlað þar upplýsingum um viðburði tengda umhverfismálum á vegum annarra aðila.

## Lokaorð

Stjórn Félags umhverfisfræðinga hefur í gegnum tíðina lagt áherslu á að bjóða upp á fjölbreytta viðburði. Hugmyndir um viðburði á starfsárinu röskuðust ítrekað vegna Covid-19, bæði vegna samkomutakmarkana og vegna þess að stjórn mat það svo að takmarkaður grundvöllur væri fyrir sumum viðburðum vegna ástandsins í samfélaginu. Fyrir vikið var starfsemi félagsins takmörkuð á starfsárinu. Í hugmyndabanka stjórnar eru hins vegar ýmsir viðburðir sem stefnt er að því að halda síðar.

Stjórn Félags umhverfisfræðinga vill þakka félagsmönnum fyrir þátttöku í starfinu og lofar að meira verði gert síðar, þegar blessuð kórónuveiran hefur minni áhrif á samfélagið!